


1.5 Velferðarsvið



Rekstur VEL (mkr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	1.249	1.171	79	6,7%
Laun og launat. gj	4.466	4.254	212	5,0%
Annar rekstrark.	2.745	2.971	-226	-7,6%
Nettó útgjöld	5.962	6.054	-93	-1,53%

fjárheimildum vegna nýrra heimila sem fara af stað síðar á árinu.

Myndin hér til hliðar og taflan fyrir neðan sýnir niðurstöðu í rekstri velferðarsviðs fyrir janúar til mars 2020 án bundinna liða þ.e. fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins í heild voru 7.066 m.kr. sem var 34 m.kr. umfram fjárheimildir. Fjárhagsaðstoð var 188 m.kr. eða um 30% umfram fjárheimildir og sérstakur húsnæðisstuðningur var 61 m.kr. eða 20% innan fjárheimilda.

Reglubundinn rekstur sviðsins án bundinna liða var 5.962 m.kr. sem var 93 m.kr. innan fjárheimilda. Áætlaður kostnaður velferðarsviðs vegna Covid var um 40 m.kr. Frávik vegna verkfalla er áætlað að hafi verið um 50 m.kr. Búsetuúrræði voru 67 m.kr. innan fjárheimilda og skýrist það af

Þjónustubættir Velferðarsviðs

Þjónustubættir VEL (mkr)	Tekjur	Áætlun 2020	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2020	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2020	Frávik	Rekstrar-niðurstaða	Áætlun 2020	Frávik	%
Skrifstofur, nefndir og ráð	1	0	1	814	803	11	234	214	21	1.047	1.017	31	3%
Samningar, framlög og styrkir	20	35	-15	0	0	0	988	926	62	968	891	77	9%
Búsetuúrræði	51	13	38	1.743	1.577	166	173	370	-197	1.864	1.933	-69	-4%
Félagsmiðstöðvar	24	37	-14	89	100	-11	114	124	-9	179	186	-7	-4%
Dagþjónusta	39	47	-9	123	114	9	40	47	-7	125	114	11	9%
Heimabjónusta	48	43	5	385	448	-62	98	106	-8	435	510	-75	-15%
Heimahjúkrun	409	402	7	320	282	38	66	120	-54	-23	0	-23	-61563%
Hjúkrunarheimili	358	332	26	310	288	22	123	91	32	75	47	28	59%
Þjónustuíbúðir	30	33	-3	120	127	-7	38	38	0	128	133	-5	-3%
Stuðnings- og stoðþjónusta	0	4	-4	303	293	10	121	147	-26	423	436	-13	-3%
Keðjan	1	0		111	86		82	106		193	192	0	0,1%
Framleiðslueldhús	53	67	-14	49	38	11	49	64	-15	45	35	11	32%
Virkniverkefni	0	0	0	23	30	-7	1	5	-4	24	35	-11	-32%
NPA	0	0	0	0	0	0	195	171	24	195	171	24	14%
Úrræði Barnavernd	0	0	0	8	6	2	207	184	23	215	190	25	13%
Hælsleitendur	187	166	21	30	28	3	137	150	-13	-20	12	-32	-264%
Önnur Verkefni	28	-8	37	38	35	3	78	109	-31	87	152	-65	-43%
Samtals	1.249	1.171	78	4.466	4.254	187	2.745	2.971	-202	5.962	6.054	-93	-1,53%

Helstu frávik

Skrifstofur, nefndir og ráð voru 30 m.kr. umfram fjárheimildir eða um 3%. Skrifstofa Barnaverndar Reykjavíkur var 9 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist af aðkeyptri sérfræðiþjónustu s.s. túlkabjónustu, lögfræði- og sálfræðiþjónustu vegna fjölgunar mála og þyngdar þeirra. Þjónustumiðstöðvar voru 15 m.kr. umfram fjárheimildir sem rekja má til langtímaveikinda sem verða bætt úr veikindapotti síðar á árinu. Einnig var bókaður 6 m.kr. uppgjörsreikningi frá 2019 vegna húsaleigu sem ekki var gert ráð fyrir.

Samningar, framlög og styrkir voru 77 m.kr. umfram fjárheimildir eða 10% sem rekja má rekja frávikið til samninga og styrkja velferðarráðs sem ekki hafa verið undirritaðir vegna Covid. Fjárheimildin mun jafnast út á árinu.

Búsetuúrræði voru 69 m.kr. innan fjárheimilda eða 4% sem skýrist af verkefnum sem ekki eru hafin.

Félagsmiðstöðvar voru 7 m.kr. innan fjárheimilda eða 4% og skýrist það að hluta til vegna verkfalls í byrjun árs. **Dagþjónusta** var 11 m.kr. umfram fjárheimildir eða 9% en eftir er að leiðrétta fjárhagsáætlun vegna nýs úrræðis og mun dagþjónusta vera innan fjárheimilda í lok árs. **Þjónustuíbúðir** voru 5 m.kr. innan fjárheimilda eða 3%.

Heimabjónusta og Heimahjúkrun voru um 98 m.kr. innan fjárheimilda eða 24%. Heimabjónusta var um 75 m.kr. innan fjárheimilda sem er vegna verkfalla í byrjun árs. Heimahjúkrun var 23 m.kr. innan fjárheimilda sem meðal annars má rekja til þess að ekki hefur náðst að manna allar stöður.

Hjúkrunarheimili voru 28 m.kr. umfram fjárheimildir eða 59%. Hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir var 19 m.kr. umfram fjárheimildir eða 55% sem má rekja að einhverju leiti til aukins launakostnaðar og rekstrarkostnaðar vegna Covid. Seljahlíð var 8 m.kr. umfram fjárheimildir eða 68% sem skýrist helst af því að Seljahlíð er óhagstæð rekstrareining með aðeins 20 hjúkrunarrými og duga daggjöld frá ríkinu ekki fyrir rekstrinum en einnig vegna aukins kostnaðar vegna Covid.

Stuðnings- og stoðþjónusta var um 13 m.kr. innan fjárheimilda eða 3%. En það skýrist að hluta til af Covid þar sem tafist hefur að setja af stað þjónustu.

Úrræði Barnaverndar voru í heild 25 m.kr. eða 13% umfram fjárheimildir. Frávik skýrist af vistgjöldum sem voru 24 m.kr. umfram fjárheimildir en börn sem fara í vistun eru með fjölþættari vanda en áður og úrræðin dýrari af þeim sökum.

Önnur verkefni voru samtals 65 m.kr. innan fjárheimilda eða 43%. Mun jafnast út á árinu.

Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks (mkr)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	67	43	23	54,0%
Laun og launat. gj.	1.921	1.762	160	9,1%
Annar rekstrark.	1.104	1.179	-74	-6,3%
Nettó útgjöld	2.959	2.897	62	2,1%

Nettó útgjöld velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks voru 2.959 m.kr. sem var 62 m.kr. innan fjárheimilda eða um 2,1%. Tekjur voru 67 m.kr. sem jafngildir 23 m.kr. eða 54,0% umfram áætlun. Launakostnaður var 1.921 m.kr. eða 160 m.kr. og 9,1% umfram fjárheimildir sem rekja má að hluta til Covid eða um 30 m.kr. Annar rekstrarkostnaður var 1.104 m.kr. sem var 74 m.kr. eða 6,3% innan fjárheimilda.

Útgjöld til málefna fatlaðs fólks að tekjum undanskildum námu 3.026 m.kr. og jafngildir það 42% af heildarútgjöldum sviðsins án bundinna liða.

Meðalveikindahlutfall starfsmanna velferðarsviðs í heild janúar til mars var 9,3% samanborið við 9,0% á sama tíma árið 2019.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs:

1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

Bundnir liðir VEL (mkr)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	0	0	0	0,0%
Annar rekstrark.	1.105	978	126	12,9%
Nettó útgjöld	1.105	978	126	12,9%

Fjárhagsaðst. (mkr)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Framfærslustyrkur	573	521	52	10,0%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	248	113	135	118,9%
Heimildargreiðslur - Átaksverkefni	31	30	1	3,2%
Heim.gr. 16.gr. A aðstoð v/barna	8	8	-0	-1,6%
Nettó útgjöld	861	673	188	27,9%


Notendur fjárhagsaðstoðar (fjöldi)	Fjöldi jan-mars 2020	Fjöldi jan-mars 2019	Breyting milli ára	%
Fjárhagsaðstoð alls	1.897	1.650	247	15,0%
Fjárhagsaðstoð 6 mán eða lengur	798	710	88	12,4%
Framfærslustyrkur	1.421	1.251	170	13,6%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	952	679	273	40,2%

Framfærslustyrkur nam 573 m.kr. sem var 52 m.kr. eða 10% umfram fjárheimildir. Þegar janúar til mars 2020 er borið saman við sama tímabil árið 2019 fjölga notendum í heildina um 170 eða 13,6%.

Heimildargreiðslur voru alls 287 m.kr. sem var 136 m.kr. eða 118,2% umfram fjárheimildir. Fjöldi þeirra sem fengu heimildargreiðslur janúar til mars 2020 var 952 sem er fjölgun um 273 notendur eða 40,2% miðað við sama tímabil 2019.

Sérstakur húsnæðisstuðningur	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur	105	103	2	2,1%
Sérstakur húsnæðisstuðn. félagsl. húsn.	139	202	-63	-31,4%
Nettó útgjöld	244	305	-61	-20,1%


Notendur sérstaks húsnæðisst. (fjöldi)	Fjöldi jan-mars 2020	Fjöldi jan-mars 2019	Breyting milli ára	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur	1.283	988	295	29,9%
Sérstakur húsnæðisstuðn. félagsl. húsn.	1.727	1.717	10	0,6%



Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum velferðarsviðs, þ.e. fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings, fyrir janúar til mars 2020 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld bundinna liða voru 1.105 m.kr. sem var 126 m.kr. eða 12,9% yfir fjárheimildum.

Fjárhagsaðstoð: Kostnaður var 861 m.kr. sem var 188 m.kr. eða 27,9% umfram fjárheimildir.



Sérstakur húsnæðisstuðningur var 244 m.kr. sem var 61 m.kr. eða 20,1% innan fjárheimilda.

Sérstakur húsnæðisstuðningur á almennum leigumarkaði var 105 m.kr. eða 2 m.kr. umfram fjárheimildir. Mikil fjölgun notenda má að einhverju leyti skýra með auknu framboði á húsnæði í Reykjavík á milli ára. Meðalfjárhæð var undir áætlun og því voru ekki mikil frávik í áætlun fyrir tímabilið janúar til mars.

Sérstakur húsnæðisstuðningur í félagslegu húsnæði var 139 m.kr. eða 63 m.kr. innan fjárheimilda.

